

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2020

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 24. mars 2021
í Síðumúla 15



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Vinnu-og veiðinefnd	Sýninganefnd	Básanefnd	Vefsíðunefnd
Heiðar J. Sveinsson* Gunnar Örn Arnarson Óli Þór Árnason Unnur Olga Ingvarsdóttir Sunna Birna Helgadóttir	Vilhjálmur Kári Heiðdal Þórhallur Viðar Atlason* Víðir Lárusson Ævar Valgeirsson Heiðar Sveinsson Vilhelm Jónsson Guðrún Björg Ragnarsdóttir Svava Guðjónsdóttir	Guðbjörg Guðmundsdóttir Óli Þór Árnason Sólrun Dröfn Helgadóttir Sunna Birna Helgadóttir Þórdís Skúladóttir Theodóra Róbertsdóttir Edward Birkir Dóruson	Edward Birkir Dóruson	Guðbjörg Guðmundsdóttir Olgeir Gestsson * Sólrun Dröfn Helgadóttir

* Formaður nefndar

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í janúar 2021 voru skráðir 3.207 (+182 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 41 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+6)
- 45 Flat-coated Retriever (-7)
- 403 Golden Retriever (+36)
- 2718 Labrador Retriever (+147)

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 9 veiðipróf og voru alls 147 skráningar, eitt próf féll niður vegna Covid og annað vegna ónógrar þátttöku, önnur voru mjög vel sótt. Deildarsýning féll niður vegna Covid. Deildarmeðlimir fyrir norðan stóðu að veiðiprófum í Eyjafirði og við Skjálfanda. Meistarakeppni sem halda átti á haustdögum var frestað til vors 2021 vegna Covid.


Á dagskrá deildarinnar voru 2 vinnupróf (WT) og var þeim aflýst vegna ónógrar þátttöku og Covid.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust beiðnir um aðstoð við að finna rakka og var þeim öllum svarað. Einnig bárust ræktunarráði nokkrar óskir um leiðbeiningar um þörun þar sem tíkur eða rakkar voru ekki með tilskilinn árangur eða heilsufar. Var öllum þessum beiðnum svarað með leiðbeiningum um hvernig staðið skal að málum. Á rakkalista eru allir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2020 voru: 242 Labrador hvolpar úr 37 gotum sem er 12 gotum fleira en 2019 og 45 hvolpum meira, 6 Toller hvolpar úr 1 goti, sem 2 hvolpum fleiri en 2018 og jafn mörg got. Enginn Flat-coated hvolpur bættist í hópinn árið 2020 og er það sami 8 hvolpum minna ein 2019. 5 Golden got voru árið 2020 með 33 hvolpum sem er fjölgun um 1 hvolp og jafn mörg got og 2019.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttir voru inn 3 Labrador Retriever og 4 Golden Retriever árið 2020.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 11 veiðipróf og 2 WT, 1 WT og 1 veiðipróf féllu niður vegna Covid, 1 veiðipróf og 1 WT féllu niður vegna ónógrar þátttöku. Nefndin lagði til starfsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2021.

Meistarakeppni sem halda átti haustið 2020 hefur verið frestað til vors 2021 vegna Covid

Veiðinefnd hefur sett fram áætlun með að halda veiði og vinnunámskeið í sumar og kemur Oliver Kiraly frá Ungverjalandi til að kenna.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í töflu 1.

2020										
	Niðurstöður mjaðmamynda (HD)				Samtals	Niðurstöður olnbogamynda (ED)				Samtals
	Fríir	C	D	E		Fríir	C	D	E	
Labrador	50	7	2	0	59	55	2	0	0	57
Golden	13	1	0	0	14	8	0	5	0	13
Toller	2	0	0	0	2	1	0	0	1	2

Tafla 1. Niðurstöður myndataka 2020

Augnskoðanir

ein augnskoðun var framkvæmd á árinu, niðurstöður má sjá á töflu 2.

Augnskoðanir 2020								
	Fríir	Fríir m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophi	Samtals
Labrador	19	1	4	0	0	2	0	26
Golden	7	1	1	0	0	0	0	9
Samtals	26	2	5	0	0	2	0	35

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2020

Sýningarnefnd:


Sýningarnefnd stóð fyrir sýningarþjálfunum á árinu og voru þær mjög vel sóttar og vel að þeim staðið. Covid hafði mikil áhrif þar sem aðeins ein sýning var haldin.

Sýningar

1 sýning fyrir retrieverhunda var haldin á starfsárinu á vegum HRFÍ, Af alls um 960 skráningum voru Retriever skráningar á þessum sýningum 112 (eða um 11% allra skráninga); 88 Labrador, 15 Golden, 7 Flat-coated og 2 Nova Scotia Duck Tolling. Deildarsýngin féll niður svo og allar aðrar fyrirhugaðar sýningar á vegum HRFÍ vegna Covid. Petmark ehf. gaf eignarbikara fyrir besta hund tegundar og besta hvölp tegundar í báðum aldursflokkum á sýningu Hundaræktarfélags Íslands.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN) *	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN) *	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN) *	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN) *	55	43	100	82	154	12	42	34	522
2019 (7 SÝN) *	44	53	122	43	214	7	38	29	550
2020 (1 SÝN)	10	23	21	12	27	0	12	7	112

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2020, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.



Mynd 2. Þátttaka retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá 1995 – 2019.

Veðiþróf

9 veðiþróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 147 luku prófi. Einn erlendur dómari dæmdi, Lars Nordenhof frá Danmörku við Bláfinnsvatn. Petmark ehf. styrkti komu eins dómara til landsins og gaf öll verðlaun á veðiþrófum ársins. Íslensku dómarnir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni, Kjartani I. Lorange og Hávari Sigurjónssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna.

Frá upphafi veðiþrófa árið 1995 hafa 202 próf verið haldin og alls 2.450 þátttökur (1.010 í BFL, 616 í OFL og 824 í ÚFL). Alls hafa 281 labrador retriever hundar tekið þátt, 7 golden retriever, 2 chesapeake bay retriever og 6 flat-coated. Átta íslenskir dómamarar hafa dæmt alls 136 próf og 1.408 hunda frá upphafi en 25 erlendir dómamarar hafa dæmt 64 próf og 873 hunda.

Skapgerðarmat

Ekkert skapgerðarmat var haldið á árinu á vegum HRFÍ.

Meistarar

7 Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISFtCh OFLW-19 FTW-20 Heiðarbóls Dimma – Eigandi: Heiðar J. Sveinsson
- ISVetCh Náthaga Krumma – Eigandi: Guðsteinn Eyjólfsson
- ISVetCh ISShCh RW-14Leynigarðs Loki – Eigandi: Sigrún R. Guðlaugardóttir
- BFLW-19 OFLW-20 Huntingmate Atlas – Eigandi: Heiðar J. Sveinsson / Hólmfríður Kristjánsdóttir
- BFLW-20 Valkyrjunnar – Þruma – Eigandi: Sigurður Magnússon
- BFLW-20 Ljónshjarta Kjarval – Eigandi: Þorsteinn Þorsteinsson
- BFLW-20 Aðalbóls Ljósavíkur Amy Jazzhouse – Eigandi: Ingólfur Guðmundsson

1 Golden hlaut meistaranafnbót á árinu :

- ISShCh ISJCh Bílddals Baldintáta – Eigandi: Sigríður Bílddal

1 Flat-coated hlaut meistaranafnbót á árinu :

- ISShCh Norðan Heiða Kuldaboli – Eigandi: Fanney Þórarinsdóttir

Stigahæstu hundar 2020

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veðiþrófum ársins 2019 og var stigahæsta hundi á veðiþrófum veitt viðurkenning á ársfundi deildarinnar. Ákveðið var að taka ekki saman stig fyrir 2020 á sýningu þar sem aðeins var haldin ein sýning.

Veðiþróf 2020:

ISFtCh OFLW-19 FTW-20 Heiðarbóls Dimma með 62 stig – Eigandi: Heiðar J. Sveinsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2020, bestu hundar á einu sýningu ársins:

Labrador:

BOB ISShCh ISJCh RW-18 Hrísnis Ugly II – Eigandi: Anna Ingvarsdóttir, einnig besti hundur í TH

BOS ISShCh ISJCh NLM Náthaga Skorri – Eigandi: Guðsteinn Eyjólfsson

Golden:

BOB ISJCh Golden Magnificent Do You Love Me – Eigandi: Elizabeth Sara Tan Gammon

BOS ISShSh NLM Karvin Salsa's Secret Story – Eigandi: Sunna Birna Helgadóttir

Flat Coated:

BOB ISShCh Norðan Heiða Hnjúkabeyr – Eigandi: Guðmundur Örn Guðjónsson

BOS Ryegate's Calleth You Cometh – Eigandi: Fanney Harðardóttir

Nova Scotia Duck Tolling retriever:

BOB RW-19 Heimsenda Öngull – Eigandi: Edward Birkir Dóruson

Heimasíða

Heimasíðan deildarinnar er sem fyrr mikilvæg í starfinu og ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á að skoða árangur og framgang tegunda innan retriever grúppunnar. Olgeir Gestsson ber hita og þunga af henni sem fyrr og hefur nú gert í 23 ár. Með honum er einnig vefsíðunefnd sem sér meðal annars um að koma inn úrslitum sýninga.

Ekki má gleyma facebook síðunni okkar en hún er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir fórnfúst starf og útsjónasemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2021

Dagskrá 2020 og fjárhagsáætlun fyrir veiðipróf og vinnupróf var samþykkt af stjórn HRFÍ í desember 2020 og var dagskráin birt um miðjan janúar á heimasíðu og facebook síðu deildarinnar.

Dagskrá fyrir 2020 er með hefðbundnu sniði. Þrjár helgar með tveimur prófum og tvær helgar sem verða dæmdar af erlendum dómurum. Samtals eru þetta 11 veiðipróf og 1 vinnupróf.

Deildarsýning verður með sama hætti og 2019 þ.e. 18. september og stefnt að sömu staðsetningu. Í ár verður eitt veiðiprófið sunnudaginn eftir sýningu og verður Hólabergsbikarinn veittur fyrir besta árangur á deildarsýningu og veiðiprófi 19. september við Villingavatn.

Meistarakeppni verður haldin 2021 með svipuðum hætti og fyrr.

2021 er stefnt að námskeiðshelgi fyrir veiði og vinnu þar sem Oliver Kiraly frá Ungverjalandi mun verða leiðbeinandi. Verður betur kynnt þegar ljóst er með framgang veirunnar og fleira.

Dagskrá 2021

Veiðipróf

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri
202101	Lau.24.04.2021	(31.03.2021, kl. 07.00)	Seltjörn	Sigurmon M. Hreinsson	Margrét Pétursdóttir	Heiðar Sveinsson
202102	Lau.15.05.2021	(21.04.2021, kl. 07.00)	Tjarnhólar	Halldór Björnsson	Hávar Sigurjónsson	Ævar Valgeirsson
202103	Lau. 05.06.2021	(12.05.2021, kl. 07.00)	Draugatjörn	Boye Rasmussen	Kjartan I Lorange	Svava og
202104	Sun.06.06.2021	(12.05.2021, kl. 07.00)	Við Reykjavík	Boye Rasmussen	Kjartan I Lorange	Svava og
	Lau. 26.06.2021		Námskeið Oliver Kiraly			Heiðar og Tóti
	Sun.27.06.2021		Námskeið Oliver Kiraly			Heiðar og Tóti
202105	Lau. 03.07.2021	(09.06.2021, kl. 07.00)	Skjálíndafjöt / Húsavík	Sigurður Magnússon	Kjartan I Lorange	Hilmar
202106	Sun.04.07.2021	(09.06.2021, kl. 07.00)	Eyjafjörður	Kjartan I. Lorange	Sigurður Magnússon	Siggi Benni
202107	Lau.17.07.2021	(23.06.2021, kl. 07.00)	Sílatjörn	Margrét Pétursdóttir	Sigurður Magnússon	Gunnar Örn Arnarson
202108	Lau. 07.08.2021	(14.07.2021, kl. 07.00)	Murneyrar	Bjarne Holm	Halldór Björnsson	Tóti og Víðir
202109	Sun. 08.08.2021	(14.07.2021, kl. 07.00)	Þrándarholt	Bjarne Holm	Halldór Björnsson	Víðir og Tóti
202110	Lau. 28.08.2021	(04.08.2021, kl. 07.00)	Flókadal	Hávar Sigurjónsson	Sigurmon Hreinsson	Guðrún Ragnarsdóttir
Deildarsýn	Lau. 18.09.2021		Reykjanesbæ	Sven Slettedal		
202111	Sun. 19.09.2021	(02.09.2021, kl. 07.00)	Villingavatn	Jens Magnús Jakobsson	Margrét Pétursdóttir	Arnar Tryggvason
802101	Lau.16.10.2021	(22.09.2021, kl. 07.00)	Meistarakeppni	Kjartan og Halldór		Þórhallur Atlason

Vinnupróf (WT)

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómarar	Prófstjóri
222101	Lau.10.04.2021	(17.03.2021, kl. 07.00)	Hólmsheiði	Hávar og Kjartan	Svava Guðjónsdóttir

Veiðinefnd mun líklega líkt og undanfarin ár skipulagt opnar æfingar fyrir deildarmeðlimi, æfingarnar hefjast á vordögum og munu vera reglulega fram á byrjun sumars.

Sýningarnefnd mun standa fyrir sýningarþjálfunum ásamt því að vinna að frekari kynningum og fræðslu og hófst það í janúar.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins þegar það hefur verið í boði og stórhundadögum í Garðheimum. Deildarmeðlimir hafa verið mjög duglegir að mæta með hunda sína í bása fyrir deildina.

Lokaorð:

Að baki er einkennilegt ár þar sem starfsemi riðlaðist talsvert. Hluti starfsins hélt merkilega mikið sínu og þar er þá helst að taka það sem snýr að veiðiprófum sem slapp á milli bylgja ef svo má segja. Sýningarhlutinn varð ekki svipur hjá sjón og verður tilhlökkunarefni að hittast hress í hringnum á nýju ári.

Afmælisár að baki sem var hugmynd að gera eftirminnilegt, það fer með það eins og annað frá 2020 því verður að einhverju leiti frestað og annað bíður betri tíma.

Árið hefur einkennst af samkennd og virðingu fyrir störfum hvors annars eins og áður. Það er ekki svo að engum verði á í Retrieverdeildinni, í samskiptum, skipulagningu eða öðru. Við höfum verið svo heppin að samskiptahefð og virðing fyrir hvoru öðru hefur komið þar á móti og deildarmeðlimir getað starfað áfram að sameiginlegum verkefnum.

Við sem komum að starfi og leik í þessari deild erum ólík og nálgumst starfið frá mismunandi sjónarhornum. Það er því mikilvægt að geta hallað sér aftur og notið starfsins, hlustað á viðhorf annarra, tekið gagnrýni og veitt aðhald og stuðning. Stöndum vörð um samkennd innan deildarinnar og sameinumst um að vera uppbyggileg í allri orðræðu og samskiptum okkar á milli.

Í kringum deildina hefur verið mikið af áhugasömu fólki sem hefur komið að starfi bæði innan deildarinnar og félagsins sem er mikill styrkur. Allt starf innan félagsins og deildarinnar er með þeim merkjum að það styður við samskipti okkar við hundana okkar og víkkar okkar samvinnu með hundunum. Höldum okkar striki og vinnum jákvætt að framgangi alls þess góða starfs sem einkennir deildina. Styðjum við nýliða að taka þátt í starfinu og kynnum þá inn á uppbyggilega hátt, eins er mikilvægt að við sem erum reyndari tökum þeim vel.

Svona starf er lítils virði án sjálfbóðaliða, allt starf á vegum deildarinnar er unnið í sjálfböðavinnu, hvort sem það er við ritun á sýningu, seta í stjórn, stjórnun á veiðiprófi eða dómgæsla á veiðiprófum. Sýnum þessum félögum okkar virðingu, bjóðum okkur fram til aðstoðar. Virk þátttaka í svona starfi gefur mjög mikið og víkkar sjóndeildarhringinn.

Styrktaraðilar starfsins 2020 voru Petmark ásamt Hyundai, Bendir og FA Final Approach og Veiðihúsi Sakka í þennan hóp. Það er ómetanlegt til að geta haldið úti blómlegu starfi að hafa styrktaraðila á bak við svona deild og erum við afar þakklát fyrir þeirra framlag.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 17. mars 2021.



Heiðar Sveinsson formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490) Bankareikningur (0322-26-010809)

Rekstrarreikningur 2020

	2020	2019
1 Upphafsstæða	1.809.449	1.800.512
Tekjur		
Veiðipróf	692.261	421.265
Meistarakeppnin	14.400	
Veiðipjálfun	0	50.790
Sýningagjöld	0	241.317
Sýningapjálfun	30.000	131.200
Styrkur	265.000	500.000
Sjoppa	22.880	52.050
Auglýsingatekjur	0	5.000
Tekjur samtals	<u>1.024.541</u>	<u>1.401.622</u>
Kostnaður		
Kostnaður vegna veiði	-419.208	-598.525
Kostnaður vegna sýninga	0	-285.545
Sýningapjálfun - kostnaður	0	-60.000
Heiðrun	0	-28.710
Fundakostnaður	0	-19.815
Tölva	0	-234.994
Frystikista	0	-49.000
Vefsíða	-71.677	-100.161
	0	
Dummy	-243.000	-16.751
Meistarakeppni - matur	0	-16.751
Kostnaður samtals	<u>-733.885</u>	<u>-1.393.501</u>
Vextir	570	816
hagnaður (tap)	290.656	0 8.121
Banki í lok árs	2.100.675	0 1.809.449

Eignir deildarinnar eru 4 frystikistur, bráð fyrir um 50-100.000 kr, byssur og annað sem notað er við veiðipróf.

Inneign á reikning deildarinnar er kr.2.100.675 31.12.2020, um áramót eru óuppgerð skráningargjöld til þriggja félagsmanna samtals uppá kr.14.400 krónur.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Unnur Olga Ingvarsdóttir